

**55. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
23. febrúar 2017 og hófst hann kl. 08:00**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Björgvin K Þorvaldsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1612016 - Sorphirða - framlenging á samningi til 2017**

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að óska eftir framlengingu á sorpsamningi við Íslenska gámafelagið til 1. september 2017. Heimild er til slíks sbr. viðauka um sorpsamning dagsettan 28.11.2016 milli Akraneskaupstaðar og Íslenska gámafelagsins.

**2. 1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B**

Lögð fram að nýju, tillaga að breytingu á deiliskipulagi ásamt athugasemnum, umhverfisskýrslu, undirskriftarlistum, minnisblaði Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda hf. og umsögn um athugasemdir dags. 19. maí 2016. Jafnframt eru lögð fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 1. júlí 2016, bréf Minjastofnunar 22. júlí, 17. ágúst, 22. nóvember 2017 og 23. janúar 2017, bréf Akraneskaupstaðar til Minjastofnunar, dags. 10. nóvember 2016 og 9. janúar 2017, ásamt fylgiskjólum, þ.m.t. "Deiliskráning fornleifa á Sýruparti Akranesi", dags. í desember 2016, umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 9. ágúst 2016, ásamt fylgiskjólum. Þá er lagt fram bréf Landslaga, dags. 17. febrúar 2017, um málsmeðferð málsins frá 24. maí 2016, umsögn um athugasemdir, dags. 19. maí 2016, breytt 17. febrúar 2017, og lagfærð skipulagsgögn, skipulagsuppdrættir og umhverfisskýrsla í samræmi við bréf og umsögn um athugasemdir.

Ívar Pálsson, hrl., situr fundinn.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrilliggjandi umsögn dags. 19. maí 2016, breytta 17. febrúar 2017, um athugasemdir vegna deiliskipulagstillögunnar.

Samþykkt 3:0.

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til við bæjarstjórn að hin auglýsta tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt með vísan til fyrilliggjandi umsagnar um athugasemdir dags. 19. maí 2016, breyttrar 17. febrúar 2017, með þeim breytingum sem þar eru lagðar til, og minnisblaðs Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra HB Granda hf. þar sem fram kemur að HB Grandi hf. muni ekki starfrækja fiskþurrkun á Akranesi náist ekki markmið um lágmörkun óþæginda vegna lyktar.

Samþykkt 2:0, (VLJ situr hjá).

**3. 1701275 - Starf rekstrarstjóra**

Ráðning rekstrarstjóra.

Sviðsstjóri fór yfir umsóknir og aðferðafræði við val á rekstrarstjóra.

**4. 1701277 - Starf umhverfisstjóra**

Ráðning umhverfisstjóra.

Sviðsstjóri fór yfir umsóknir og aðferðafræði við val á umhverfisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:10.

Lia Brachman  
Ryall Gunnar Þórir  
Jónasson Karl Ágússon  
Valgaður L. Þórir  
Björgvín Þorvaldss  
Sig. P. A.  
Hafðin Sigurðsson